

Aðalfundur Ský

26. febrúar 2016 kl. 16:30 til 18:30

Fundargerð

Guðjón Karl Arnarson, formaður Ský, opnar fundinn og býður fólk velkomið. Tilnefnir Hjört Grétarsson sem fundarstjóra og tekur hann til starfa..

Tilnefndur fundarritari: Helga Dögg Björgvinsdóttir.

Fundarstjóri úrskurðar fundinn löglegann og fer yfir fyrirbyggjandi dagskrá.

Tillaga að breyttri dagskrá; að færa skýrslur faghópa undir lið 9 og skýrsla ritnefndar komi undir lið 2 – það var samþykkt.

1. Skýrsla stjórnar. Formaður flutti skýrslu.
2. Skýrslur nefnda.
 - a. Orðanefnd: Þorvaður Kári Ólafsson ekki mættur. Arnheiður gerir grein fyrir því sem gerst hefur og að nú gefur nýtt fólk kost á sér. Heiða Dögg Jónsdóttir, Sigurður Emil Pálsson og Jón Ragnar Höskuldsson gefa kost á sér til starfa í Orðanefnd ásamt Þorvarði Kára Ólafssyni.
 - b. Siðanefnd: AG gerir grein fyrir því að hún hefur legið í dvala en kemur til með að taka mið af evrópskum siðareglum þegar þær verða til.
 - c. Ritnefnd: Ásrún Matthíasdóttir ritstjóri gerir grein fyrir starfinu s.l. ár. Ekki búið að festa þema í ár en hyggjast gefa út prentað eintak. Óskað eftir hugmyndum. Eru alltaf að leita að nýjum meðlimum í ritnefndina og óskað er eftir fólki í það starf. Félgasmenn skrifi lítið í blaðið og lítið um pistla. Of einhæft ef ritnendin er að biðja vini og vandamenn um skrifaðan texta. Greinar lesnar af 300 til 2000 manns þannig að lestur er ágætur.
3. Tilnefning heiðursfélaga
 - a. Ákveðið að tilnefna enga heiðurfélaga í ár
4. Reikningar félagsins
 - a. Guðmundur Arnar Þórðarson gjaldkeri gerir grein fyrir reikningum félagsins. Sjá viðauka.
 - b. Gert ráð fyrir að hagnaður næsta árs (2016) verði lægri eða 3,5 milljónir enda sé félaginu ekki ætlað að skila hagnaði sem slíkum.
 - c. Reikningar samþykktir.
5. Lagabreytingar: engar tillögur bárust
6. Ákvörðun félagsgjalda. Guðmundur Arnar Þórðarson gerir grein fyrir þeirri tillögu stjórnar að félagsgjöld verði óbreytt. Samþykkt.
7. Stjórnarkjör.
 - a. **Eftirtaldir eiga eitt ár eftir í stjórn:**
Guðjón Karl Arnarson, formaður
Snæbjörn Ingi Ingólfsson, Nýherji
Helga Dögg Björgvinsdóttir, Microsoft
 - b. **Eftirtaldir gefa kost á sér í stjórn** (laus 4 sæti til 2 ára)
Birna Íris Jónsdóttir - Landsbankinn
Guðrún Birna Guðmundsdóttir

Theodór Gíslason – Syndis
Kristján Ólafsson – Opin kerfi

- c. Ekki bærust fleiri framboð innan tilskilins tíma og eru þau því sjálfkjörin.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna: Sigðurður Begsveinsson og Sigurjón Pétursson.
9. Nefndarkjör:
 - a. Ritnefnd: Kosning ritstjóra. Ásrún Matthíasdóttir gefur áfram kost á sér.
Í ritnefnd sitja:
Ásrún Matthíasdóttir, HR
Ágúst Valgeirsson, Advania
Sigurjón Ólafsson, Funksjón vefráðgjöf
Guðbjörg Guðmundsdóttir, Háskólanum í Reykjavík
Margrét Rós Einarsdóttir
 - b. Faghópur um hugbúnaðargerð. AG les skýrslu hópsins.
Í stjórn hópsins sitja:
Magnús Blöndal, Remake
Sigurhanna Kristinsdóttir, Nova
Birna Íris Jónsdóttir, Landsbankinn
Laus 2 sæti, enginn sem býður sig fram í dag.
 - c. Faghópur um rekstur tölvukerfa.
Lárus Hjartarson gefur skýrslu.
Í stjórn hópsins sitja:
Kristín Halla Hannesdóttir, Íslandsbanka
Lárus Hjartarson, Nýherja
Andrés Andrésson, Opin kerfi
Róbert Dan Bergmundsson, Penninn
Eitt sæti laust, enginn sem býður sig fram
 - d. Faghópur um vefstjórnun.
Skýrsla frá hópnum flutt af Díönu Dögg.
Í stjórn hópsins sitja:
Sigurjón Ólafsson, Íslandsbanka
Díana Dögg Víglundsdóttir, N1
Steinunn Jónasdóttir, HR
Hjalti Már Einarsson, Nordic Visitor
Hildur Óskarsdóttir, Flugfélag Íslands
Guðný Hildur Danivaldsdóttir, Íslandsbanka
Hildur Fjóra Svansdóttir, Bænduferðir
Birna Guðrún Magnadóttir, Ríkiskaup
Heiðar Örn Arnarson, Isavia
Lagt til að allir ofantaldir fái að starfa í stjórn næsta starfsár og var það samþykkt.
 - e. Faghópur um rafræna opinbera þjónustu.
Halla Björg sendi skýrslu og AG gerði grein fyrir henni.
Í stjórn hópsins sitja:
Finnur Friðrik Einarsson, MainManager
Hjörtur Þorgilsson, Icepro
Guðrún Birna Finnsdóttir, Ríkiskaup
Tvö sæti til viðbótar laus en engin framboð að þessu sinni.
 - f. Faghópur um menntun, fræðslu og fræðistörf í UT
Sigrún Gunnarsdóttir gerir grein fyrir störfum hópsins

Í stjórn hópsins sitja:
Sigrún Gunnarsdóttir, Wise
Rakel Sölvadóttir, SKEMA
Ólafur Sólimann, Epli.is
Sigdís Ágústsdóttir, Háskóli Íslands
Hallgrímur Arnalds, Háskólinn í Reykjavík
Kallað efir fleiri áhugasömum en enginn bauð sig fram að þessu sinni.

- g. Faghópur um fjarskiptamál.
Skýrsla frá hópnum flutt.
Í stjórn hópsins sitja:
Gunnar Bachmann Hreinsson, EFLA
Jón Ingi Einarsson, RH-net
Theodór Carl Steinþórsson, Vodafone
Jón Finnbogason, Síminn
Eva Magnúsdóttir, Podium
Elmar Freyr Torfason, Míla
Bergur Þórðarson, Orkufjarskipti
Lagt til að leyfa 7 einstaklinga í þessum hóp þótt reglur segir til um 5. Það er samþykkt.
- h. Faghópur um öryggismál.
Skýrsla frá hópnum flutt.
Í stjórn hópsins sitja:
Hörður Helgi Helgason, Landslög
Hörður Ellert Ólafsson, Syndis
Jón Finnbogason, Síminn
Kristján Valur Jónsson, Póst- og fjarskiptastofnun
Sigurður Másson, Advania
Ingimar Örn Jónsson, HÍ
Lagt til að leyfa 6 aðila í stjórn skv. hefð og var það samþykkt.
- i. Faghópurinn Fókus, faghópur um upplýsingatækni í heilbrigðisgeiranum.
Skýrsla frá hópnum flutt.
Í stjórn hópsins sitja:
Birna Björg Másdóttir, LSH
Ingvar Hjálmarsson, Nox Medical
Anna Hafberg, TM Software
Marta Serwatko, heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins
Erla Björnsdóttir, FSA
- j. Öldungardeild Ský gerir grein fyrir störfum sínum.

10. Önnur mál

- a. Guðjón Karl Arnarson, formaður Ský, bað um orðið. Hann þakkar traustið sem honum er sýnt með endurkjöri og notar tækifærið til að þakka fráfarandi stjórnarmönnum samstarfið. Þeir sem hætta störfum fyrir stjórn Ský nú eru:
Sigrún Gunnarsdóttir
Guðmundur Arnar Þórðarson
Þóvarður Kári Ólafsson
Ólafur Tr. Þorsteinsson
Voru þeim afhent blóm og glaðningur.

- b. Ályktun frá Öldungadeild:
Öldungadeild Ský beinir því til stjórnar Ský að taka virkan þátt í að tryggja fjárframlög til Máltæknisjóðs í samræmi við þá áætlun sem „Nefnd um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni“ setti fram árið 2014 í skýrslu sinni um notkun á íslensku í stafrænni upplýsingatækni.
<http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/RSSPage.xsp?documentId=45BF6E91E01EEC7600257DF600495736&action=openDocument>
Í áætluninni er gert ráð fyrir að á árunum 2015 til 2024 verði þessi framlög 990 milljónir króna, en árin 2015 og 2016 voru samþykkt framlög á fjárlögum 15 m. kr. og 30 m. kr. Ljóst er að það stefnir í óefni með að framfylgja þessari áætlun.“
Mætti t.d. á Utmessu 2017 helga eina fyrirlestrar röð þessu efni. Einnig mætti helga næstu Tölvumál þessu efni ef áhugi er á því. Sett í hendur stjórnar Ský að vinna úr þessu máli.
- c. Sigrún Helgadóttir tekur til máls. Hún var formaður orðanefndar í 35 ár. Þakkar Þorsteini fyrir ályktun um Máltæknisjóð. Mjög mikilvægt mál. Gamla orðanefndin sagði af sér 2013 og skilaði af sér tölvuorðasafni þá. Síðan hefur lítið gerst. Eftir Utmessu settist Sigrún niður og skrifaði smá texta. Hitti Heiðu og Sigurð Emil og þau eru nú komin í orðanefnd. Hún er því orðin vel skipuð og hefur trú á að hún sé í góðum málum. Sigrún les upp textann sem finna má í viðauka.
- d. Arnlaugur Guðmundsson tekur til máls. Hann tók sæti í nefnd um ritun sögu upplýsingatækni á Íslandi fyrir tveimur árum og var svo settur í formannssæti. Ritnefndin hefur starfað svo að segja í 1 og hálf ár. Gerði grein fyrir ritnefndarmönnum. Gerði grein fyrir ferlinu að baki ritun sögu upplýsingatækni á Íslandi 1954-2014. Anna Ólafsdóttir Björnsson, sagnfræðingur og tölvunarfræðingur, kláraði verk Þorgríms og bætti við. Ritnefndin er nú með skammt nr. 2 af handriti til yfirlestrar og stefnt á vinnudag í apríl til að klára að fara yfir handritið og bera saman athugasemdir. Gert ráð fyrir að með haustinu verði hægt að birta frumútgáfu á vefnum. Stefnt að því að gefa ritið út á vef og gera það þannig úr garði að hægt verði að bæta við upplýsingum um ákveðin atriði til að geta dýpkað ritið á þann máta. Hliðarverkefni í farvatni. Til stendur að krydda ritið með myndupptökum, viðtölum við menn um málefnið.
Verkefnið er fjármagnað með styrkjum.
Ábending úr sal um að Ljósmyndasafn Íslands og Ljósmyndasafn Morgunblaðsins kunni að eiga myndir en helst hefur vantað uppá að nægilega margar myndir hafi safnast til að bæta við ritaðan texta.
- e. Guðjón formaður tekur til máls. Tökum til okkar þessi mál sem hér hafa komið fram varðandi orðanefnd og málræktarsjóð.
- f. Örn Kaldalóns tekur til máls. Er enn að telja orð, þ.e.a.s. slettur og útlensk orð sem notuð eru á fundum. Segir sögu af manni sem sletti svo hraustlega, Örn taldi orðin og úr varð glæra með 30 orðum og úr varð orðanefnd. Öldungadeildina vantar húsnæði til að vinna úr þeim gögnum sem til eru, fyrir lítið fé eða helst ekkert. Einnig væri óskandi að geta sett upp sýningu gamalla muna. Orðanefndin lengi lifi.

Fleiri mál ekki á dagskrá og fundi því slitið kl. 18:09.

Fundargerð ritaði Helga Dögg Björgvinsdóttir.